**Ed.** **664. Þingsályktun**

um rannsókn á sölu íslenskra landbúnaðarafurða.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að láta rannsaka sölu, flokkun og notkun íslenskrar ullar erlendis.
2. Að gera sitt ítrasta til þess að fá undanþágu frá þeim innflutningshömlum, sem nú eru á innflutningi lifandi sauðfjár til Bretlands, og kynna sjer jafnframt möguleikana fyrir slíkum innflutningi til annara landa.
3. Að fá til þess hæfan mann að leitast fyrir um markað fyrir íslenska hesta í Svíþjóð, gera þá kunna þar og standa fyrir sölutilraunum þangað.